

## Hamrar

### Athugasemdir

Ásmundur J. Ásmundsson, Stigahl. 59, fór yfir lýsingu Hamra eftir Þorleif Jóhannesson í júní 1981. Taldi hann lýsinguna svo vel úr garði gerða, að engu yrði þar við bætt. Þó ritaði hann svör við spurningum, sem með örnefnaskránni höfðu verið sendar. Sömuleiðis skráði Sigríður Jóhannsdóttir fáeinar athugasemdir eftir Ásmundi, er hann kom á Örnefnastofnun 15. júní 1981.

Áður lá vegurinn sjávarmegin við túnið (reiðvegur). Núna er bílvegur fjallsmegin við það.

Bærinn er nú kominn á Bæjarhól (2) aftur.

Engar húsarústir sjást nú á Húsahól (5) og Hesthúshól (6).

Í Silungalæk (11) eru eingöngu smásíli.

Varða var á Vörðuholti (12) til skamms tíma.

Skálardalur (13) mun draga nafn af heildarlögun sinni.

Kýrnar lágu að staðaldri í Kúalaut (15) yfir sumartímann.

Dýjadalir (19) eru mosableyta eða mosalækir, sem mynda grænan lit og eru eins og dý yfir að líta. Skepnur halda sig gjarnan í námunda við þetta, einkum kindur.

Einstigi (20) ber nafn með rentu.

Ásmundur hyggur, að fremur hafi verið sagt **Víðilágar** (34) en Víðirlágar (21).

Ekki minnst Ásmundur þess, að Dagmálaskarð (23) hafi verið haft sem eyktamark frá Hömrum.

Engar sagnir eru um það, hvenær hætt var að nota stekkin fyrir ofan Stekkjarbörð (24).

Mikið er um rauðbrúna steina í Rauðsteinalæk (27).

Svörtuklettur (29) eru áberandi svartir.

Gálgaklettur (32) minnir ekkert á gálga, a.m.k. ekki í augum kunnugra.

Vegurinn, sem lá milli Gálgakletts og Hamrasnoppu var gamall reiðvegur, nú löngu lagður niður.

Víðilágar 34=21

Örnefnastofnun, 15. júní 1981.

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]